



Reykjavík, 6. júní 2024

USK24040128

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun, Bílastæðasjóður

Tillaga að breytingum á gjaldsvæðum bílastæða í Reykjavík

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi tillögu að breytingum á gjaldsvæðum bílastæða Reykjavíkurborgar.

Um er að ræða eftirfarandi stækkanir gjaldsvæða:

- Gjaldsvæði 1
 - Sturlugata
- Gjaldsvæði 2
 - Aragata
 - Egilsgata, bílaplan við Hallgrímskirkju
 - Eiríksgata, bílaplan við Hallgrímskirkju
 - Oddagata
 - Seljavegur
 - Sæmundargata
 - Vesturgata milli Ánanaustar og Stýrimannastígs

Greinargerð:

Tillagan er sett fram á grundvelli reglna um notkun stöðureita og gjalddöku í Reykjavík, verklagsreglna um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og talninga á nýtingu bílastæða sem fram fóru í árslok 2023. Að auki er horft til fyrirhugaðrar gjaldskyldu hjá Háskóla Íslands og fyrri reynslu af stækkun gjaldsvæða.

Niðurstöður talninga sýna mikla og stöðuga nýtingu bílastæða á jöðrum gjaldsvæða, sem gefa tilefni til að stækka gjaldsvæði á tilgreindum stöðum. Einkum er um að ræða stækkun á gjaldsvæði 2, en einnig á gjaldsvæði 1.

Tiltölulega stutt er liðið frá síðustu stækkun gjaldsvæða í Vesturbænum og því ekki að fullu komið á jafnvægi í nýtingu stæðanna. Því er ekki talið rétt að stækka gjaldsvæðið meira á því svæði að svo stöddu, en áfram verður fylgst með framvindu mála.

Virðingarfyllt
fyrir hönd skrifstofu samgangna og borgarhönnunar,
Rakel Elíasdóttir
deildarstjóri Bílastæðasjóðs



Reykjavík



Hjálagt:


1. Yfirlitsteikningar yfir tillögur að stækkun gjaldsvæða.
2. Tillaga að auglýsingu um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar.
3. Niðurstöður talninga á nýtingu bílastæða.



Stækkun gjaldsvæðis. Gjaldsvæði 1 merkt með rauðum lit. Gjaldsvæði 2 merkt með bláum lit



Stækkun gjaldsvæðis 2



Stækkun gjaldsvæðis 2



AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar

1. gr.

Gildissvið

Auglýsing þessi nær eingöngu til gjaldskyldu á götum og svæðum á borgarlandi og lóðum í eigu borgarinnar.

2. gr.

Gjaldskyldutími á gjaldskyldum bílastæðum

Gjaldskyldutími á gjaldskyldum bílastæðum er eftirfarandi:

- a. Gjaldsvæði 1, frá 9.00 til 21.00 virka daga og 10.00 til 21.00 laugardaga og sunnudaga.
- b. Gjaldsvæði 2, frá 9.00 til 21.00 virka daga og 10.00 til 21.00 laugardaga og sunnudaga.
- c. Gjaldsvæði 3, frá 9.00 til 18.00 virka daga.
- d. Gjaldsvæði 4, frá 8.00 til 16.00 virka daga.

Ekki er gjaldskylda á eftirfarandi dögum: nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar í hvítasunnu, 17. júní, frídagur verslunarmanna, jóladagur, annar í jólum.

3. gr.

Gjaldskyld bílastæði

Gjaldskylda er á bílastæðum á eftirfarandi stöðum:

- a. Gjaldsvæði 1
 - Aðalstræti,
 - Amtmannsstígur,
 - Austurstræti,
 - Bankastræti, milli Lækjargötu og Ingólfsstrætis,
 - Barónsstígur, milli Hverfisgötu og Grettisgötu,
 - Bergstaðastræti, milli Laugavegar og Spítalastígs,
 - Bjarnastígur,
 - Brattagata,
 - Brautarholt, sunnan götu, við hús nr. 22,
 - Fischersund,
 - Frakkastígur, milli Skólavörðustígs og Hverfisgötu,
 - Garðastræti, milli Vesturgötu og Túngötu,
 - Grettisgata, milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar,
 - Grettisgata, milli Vegamótastígs og Snorrabrautar,
 - Grettisgata, norðan götu, milli Rauðarárstígs og lóðar nr. 94,
 - Grjótagata,
 - Grófin,
 - Hafnarstræti,
 - Hallveigarstígur,



Reykjavíkurborg

Hverfisgata, milli Lækjargötu og Rauðarárstígs,
Ingólfsstræti, bílaplan norðan við Hallveigarstíg 1,
Ingólfsstræti, milli Hverfisgötu og Spítalastígs,
Karástígur,
Kirkjutorg,
Klapparstígur, milli Hverfisgötu og Skólavörðustígs,
Laugavegur, milli Frakkastígs og Rauðarárstígs,
Lækjargata,
Mjóstræti,
Mjóstræti, bílaplan á lóð nr. 8,
Naustin,
Njálsgata, milli Klapparstígs og Frakkastígs,
Nóatún, austan götu, milli Skipholts og Brautarholts,
Pósthússtræti, Skipholt, norðan götu, við hús nr. 21,
Skólastræti,
Skólavörðustígur, milli Bergstaðastrætis og Njarðargötu,
Smiðjustígur, milli Laugavegar og Hverfisgötu,
Snorrabraut, vestan götu, milli Laugavegar og Grettisgötu,
Sturlugata,
Sæbraut, bílaplan við Sólfar,
Templarasund,
Tjarnargata, milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis,
Tryggvagata,
Tryggvagata, bílaplan norðan lóða nr. 13-17,
Túngata, bílaplan við Suðurgötu,
Túngata, milli Garðastrætis og Suðurgötu,
Veltusund,
Vitastígur, milli Hverfisgötu og Grettisgötu,
Vonarstræti,
Þingholtsstræti, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.

b. Gjaldsvæði 2

Aragata,
Ásvallagata, milli Hofsvallagötu og Ljósvallagötu,
Bakkastígur,
Baldursgata, milli Freyjugötu og Skólavörðustígs,
Barónsstígur, milli Laufásvegar og Eiríksgötu,
Barónsstígur, milli Skúlagötu og Hverfisgötu,
Bárugata, milli Garðastrætis og Stýrimannastígs,
Bergstaðastræti, milli Spítalastígs og Bjargarstígs,
Bjarkargata,
Blómvallagata,
Borgartún, milli Snorrabrautar og Katrínartúns,
Bókhöðustígur,
Brávallagata,
Briertartún,
Brunnstígur,
Egilsgata, bílaplan við Hallgrímskirkju
Eiríksgata, bílaplan við Hallgrímskirkju
Eiríksgata, milli Barónsstígs og Þorfinnsgötu,



Reykjavíkurborg

Frakkastígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,
Frikirkjuvegur,
Garðastræti, milli Túngötu og Hólatorgs,
Grundarstígur, milli Spítalastígs og Skálholtsstígs,
Hávallagata, milli Hofsvallagötu og Blómvallagötu,
Hólatorg,
Hólavallagata,
Hrannarstígur,
Hverfisgata, móts við hús nr. 117-125,
Ingólfsstræti, milli Skúlagötu og Hverfisgötu,
Kirkjugarðsstígur,
Klapparstígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,
Laufásvegur, milli Bókhöðustígs og Skálholtsstígs,
Laugavegur, bílaplan á lóð nr. 124,
Lindargata,
Ljósvallagata,
Lokastígur,
Miðstræti,
Njálsgata, milli Frakkastígs og Snorrabrautar,
Nóatún, vestan götu, milli Brautarholts og Skipholts,
Nýlendugata,
Oddagata
Óðinsgata, milli Skólavörðustígs og Freyjugötu,
Rauðarárstígur, milli Bríetartúns og Njálsgötu,
Ránargata, milli Garðastrætis og Stýrimannastígs,
Seljavegur,
Skipholt, norðan götu, milli Nóatúns og Traðarholts,
Skóthúsvegur, milli Frikirkjuvegur og Laufásvegur,
Skúlagarður, inngarður afmarkaður af Laugavegi, Rauðarárstíg og Bríetartúni,
Smiðjustígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,
Sólvallagata, milli Hofsvallagötu og Ljósvallagötu,
Spítalastígur,
Stórholt,
Suðurgata, milli Túngötu og Kirkjugarðsstígs,
Stýrimannastígur,
Sæmundargata,
Tjarnargata, milli Hringbrautar og Vonarstrætis,
Túngata,
Túngata, bílaplan við Landakotskirkju,
Týsgata,
Vatnsstígur,
Vatnsstígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,
Veghúsastígur,
Vesturgata, milli Ánanaustar og Garðastrætis,
Vitastígur, milli Grettisgötu og Bergþórugötu,
Þingholtsstræti, milli Amtmannsstígs og Skálholtsstígs,
Þórsgata,
Þórunnartún,
Þverholt, milli Laugavegar og Stórhólts,
Þverholt, milli Stórhólts og húss nr. 15,



Ægisgata,
Öldugata, milli Stýrimannastígs og Garðastrætis.

c. Gjaldsvæði 3

Baldursgata, milli Nönnugötu og Freyjugötu,
Bergþórugata,
Berstaðastræti, milli Bjargarstígs og Baldursgötu,
Bjargarstígur,
Bragagata, milli Nönnugötu og Freyjugötu,
Félagstún,
Frakkastígur, bílaplan á lóð nr. 1,
Freyjugata, milli Njarðargötu og Óðinsgötu,
Grundarstígur, milli Skáholtsstígs og Hellusunds,
Guðrúnartún,
Guðrúnartún, bílaplan á lóð nr. 3,
Hellusund,
Klapparstígur, milli Skúlagötu og Lindargötu,
Laufásvegur, milli Skáholtsstígs og Hellusunds,
Óðinsgata, milli Freyjugötu og Baldursgötu,
Skálholtsstígur,
Skuggasund,
Skúlagata,
Skúlagata, bílaplan á lóð nr. 6,
Skúlagata, bílaplan á móts við Klapparstíg,
Skúlagata, bílaplan vestan við lóð nr. 3,
Sölvhólgata,
Vatnsstígur, milli Lindargötu og Skúlagötu,
Þingholtsstræti, milli Skálholtsstígs og Hellusunds.

4. gr.

Gildistaka og lagastoð

Gjaldskylda á götum þessum og svæðum er sett með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs xx.xxxx 2024 og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 1390/2022 um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar.

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, umhverfis- og skipulagssviði, xx.xxxx 2024.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

samgöngustjóri

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2200-880-MIN-008-V01

DAGS.

16.02.2024

SENDANDI

Atli Freyr Þorvaldsson
Daði Baldur Ottósson

VERKHEITI

Stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

DREIFING


Rakel Elíasdóttir
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

MÁLEFNI

Nýting bílastæða haustið 2023

Inngangur

Nýlega hafa átt sér stað talsverðar breytingar á gjaldsvæðum í borginni. Í lok júní 2023 voru gjaldsvæði útvíkuð og í byrjun október 2023 var staðið að ýmsum gjaldskrárbreytingum - sjá helstu breytingar á mynd 1.



MYND 1 Gjaldsvæði Bílastæðasjóðs í miðborg Reykjavíkur, eftir stækkun þeirra á nokkrum stöðum (sjá punktalínur). Verð hækkaði á P1 úr 430 kr/klst í 600 kr/klst, og þá lengdist gjaldskyldutími á P1 og P2 til kl. 21:00 (var áður kl. 18:00) ásamt því að gjaldskylda var innleidd á sunnudögum. P1* merkir að íbúakort gilda ekki innan dökkrauða hluta gjaldsvæðis P1.

Eins og sjá má á mynd 1 þá var innleiðing nýrra gjaldsvæða að mestu í Vesturbænum. Breytingar á gjaldskrá og gjaldskyldutíma voru talsverðar en þær fólust í eftirfarandi atriðum:

- Gjald var hækkað á gjaldsvæði P1 úr 430 kr/klst í 600 kr/klst og 3-klst hámarkstími innleiddur.
- Gjaldskyldutími lengdur á gjaldsvæðum P1 og P2 til kl. 21 á kvöldin en var áður til kl. 18. Gjaldskyldutími P3 er óbreyttur til kl. 18 á virkum dögum.
- Gjaldskylda tekin upp á sunnudögum á svæði P1 og P2. Þá var gjaldskylda felld niður á laugardögum á gjaldsvæði P3.

Markmið breytinganna er að stýra betur eftirspurn eftir bílastæðum og er unnið eftir verklagsreglum borgarinnar um innleiðingu nýrra gjaldsvæða og verðbreytinga. Til þess að meta áhrifin af þeim var EFLU falið að afla gagna um nýtingu á öllum gjaldskyldum bílastæðum eftir breytingar. Ákveðið var að telja þremur vikum eftir að síðustu breytingarnar, sem áttu sér stað í byrjun október, tóku gildi.

Umfjöllun minnisblaðsins er skipt niður í eftirfarandi hluta:

- Talning bílastæða haustið 2023 – fyrirkomulag og aðferðafræði
- Niðurstöður talningar
 - Bílastæðanýting að degi til
 - Gjaldsvæði
 - Gjaldfrjáls svæði
 - Bílastæðanýting að kvöldi til
 - Gjaldsvæði
 - Gjaldfrjáls svæði
 - Bílastæðanýting um helgar

Talning bílastæða haustið 2023

Gögnum um bílastæðanýtingu var safnað í október og nóvember 2023 fyrir nærri öll gjaldskyld bílastæði í miðborginni, sem og gjaldfrjáls stæði á borgarlandi á völdum stöðum í borginni. Ákveðið var að telja á sömu tímum og var gert árið 2022, nánar tiltekið:


- Til að færa mat á nýtingu bílastæða að degi til var talið á þeim tímum sem eftirspurnin er að jafnaði sem mest þ.e. á klukkustundarfresti frá kl. 11 til kl. 13. Talið var tvo daga.
- Til að færa mat á nýtingu bílastæða að kvöldi var einnig talið á klukkustundarfresti frá kl. 18 til kl. 20.
- Upplýsinga um bílastæðanýtingu í bílahúsum borgarinnar aflað fyrir ofangreind tímabil.
- Til að meta ávinninginn af innleiðingu gjaldskyldu á sunnudögum var ákveðið að bera saman nýtingu bílastæða á sunnudögum við laugardaga og jafnframt athuga hvort munur væri á því hversu lengi bílum er lagt í bílastæði. Talningarsvæði um helgar er þó minna en á virkum dögum. Talið var á klukkustundarfresti frá kl. 11 til kl. 13, einn laugardag og einn sunnudag. Gögnum um hversu lengi lagt væri í stæði var bundið við valdar verslunargötur (Laugarveg og Hverfisgötu) á klukkustundarfresti frá kl. 11 til kl. 14.
- Til að færa mat á nýtingu gjaldfrjálsra bílastæða (þ.e. utan gjaldsvæða) var talið fjórum sinnum yfir daginn á virkum dögum þ.e. einu sinni milli kl. 9 og kl. 11, kl. 12 og kl. 14, kl. 18 og kl. 20, og að lokum kl. 22 og kl. 24. Talið var tvo daga.

Niðurstöður

Bílastæðanýting á virkum dögum að degi til

Gjaldskyld svæði

Til að fá heildarsýn yfir nýtingu bílastæða að degi til þá var borin saman meðalnýting bílastæða eftir svæðum kl. 12 (en rétt er að taka fram að talið var líka kl. 11 og kl. 13). Þegar bílastæðanýting er skoðuð eftir svæðum á mynd 2 þá má sjá að bílastæðanýting er að mælast oftast á milli 60-85%, sem þýðir að finna megi bílastæði á hverju svæði fyrir sig. Aftur á móti sést að nýting bílastæða er undir 50% á þeim svæðum þar sem gjaldskylda var nýlega innleidd í Vesturbænum, en þau svæði eiga það sameiginlegt að vera fjær þjónustu og verslun en mörg önnur gjaldsvæði. Hæsta nýtingin mælist á svæðinu umhverfis Tjarnargötu eða nærri 89% sem þýðir að erfitt getur verið að finna bílastæði þar. Nýting bílahúsa er hæst í Vesturgötu og Ráðhúsinu, eða yfir 85%. Í öðrum bílahúsum mælist nýtingin í hádeginu undir 85%, lægst er nýtingin í Stjórnuporti eða tæp 40%.




MYND 2 Fjöldi taldra bílastæða á borgarlandi haustið 2023 (merkt „Fjöldi“) og samsvarandi bílastæðanýting (merkt „Nýting“) innan svæða kl. 12:00 á virkum degi. Staðsetning bílahúsa er merkt með svörtum punkti, og er fjöldi stæða í bílahúsum ásamt nýtingu þeirra á sama tíma merkt í gulum kassa.

Þegar nýting bílastæða var greind niður á einstaka götuleggi var notast við eftirfarandi aðferðafræði:

- Ef nýting mældist tvisvar yfir 85% frá kl. 11 til kl. 13, báða talningardagana, var gatan lituð rauð.
- Ef nýting mældist tvisvar undir 60% frá kl. 11 til kl. 13, báða talningardagana, var gatan lituð blá.
- Annars mældist nýtingin að jafnaði milli 60-85% og var gatan lituð græn.

Þessar niðurstöður má sjá á mynd 3 á næstu síðu.




MYND 3 Nýting gjaldskyldra bílastæða eftir götuleggjum á virkum dögum frá kl. 11 til kl. 13.

Af niðurstöðunum að dæma þá eru ekki áberandi „rauð“ svæði þar sem bílastæðanýting mælist yfir 85% á mörgum samliggjandi götum, en það má kannski helst nefna svæðið sem samanstendur af Skólavörðustíg milli Týsgötu og Vegamótastígs, ásamt Týsgötu og Njálsgötu sem liggja að Skólavörðustíg. Eins mælist nýting yfir 85% á hluta Borgartúns og á Guðrúnartúni. Gott væri að standa að endurtalningu á þessu svæði til að sannreyna þessar niðurstöður áður en skoðað yrði að breyta gjaldskrá á þessum svæðum.

Aftur á móti má sjá margar samliggjandi götur í Vesturbæ sem mælast með nýtingu undir 60% sem bendir til þess að gjaldið er líklega of hátt á þessu svæði. Rétt er þó að taka fram að þar sem gjaldsvæðin voru mjög nýlega innleidd á þessu svæði þá gæti verið um skammtímaáhrif að ræða og nýtingin muni hækka þegar fram líða stundir. Það gæti því verið tilefni til þess að endurtaka talningu á þessu svæði í vor þegar nærri ár er liðið frá innleiðingu þessara gjaldsvæða og skoða þau jafnframt betur með hliðsjón af nýtingu bílastæða á aðliggjandi götum utan gjaldsvæðis – sjá nánari umfjöllun um nýtingu í gjaldfrjálsum götum hér að neðan á bls. 5.

Gjaldfrjáls svæði

Niðurstöður talninga á völdum gjaldfrjálsum svæðum má sjá á mynd 4 sem sýnir bílastæðanýtingu. Þetta eru svæði sem eru bæði í útjöðrum núverandi gjaldsvæða og aðeins frá þeim þ.e. svæði við Háskóla Íslands, á Hlíðarenda og við Kirkjusand.



MYND 4 Meðalnýting gjaldfrjálsra bílastæða eftir götuleggjum og lóðum á virkum dögum frá kl. 9 til kl. 11 (til vinstri) og frá kl. 12 til kl. 14 (til hægri). Stærri kort má sjá í viðauka.


Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- *Vesturbær*: Nýting að mælast yfir 90% á Vesturgötu, Ránargötu, Bárugötu og á hluta Seljavegar sem eru vísbendingar um að gestir og starfsfólk sem sækir svæðið sé að nýta sér stæðin að degi til. Það getur verið ráðlagt að huga að innleiðingu gjaldskyldra stæða en þó vert að skoða betur samspil við nýlega innleidd gjaldsvæði áður en það er gert.
- *Háskóli Íslands*: Götur að mælast flestar yfir 90% nýttar kl. 12-14. Það er komin gjaldskylda í kringum Vísindagarða og í bílakjallara Grósku svo eftirspurn eftir gjaldfrjálsum stæðum verður áfram mikil.
- *Hlíðarenda*: Bílastæðanýting nokkuð misjöfn eftir götum en milli kl. 12 og 14 eru flestar götur með 81% eða hærri nýtingu. Vegna framkvæmda er æskilegt að telja aftur til að staðfesta mælingar.
- *Pingholt*: Bílastæðanýting er að mælast yfir 90% á stóru svæði á báðum talingartímabilum. Bílastæðanýting mælist yfir 90% á bílplönunum við Hallgrímskirkju.
- *Holt*: Bílastæðanýting nokkuð misjöfn eftir götum. Kallar á frekari talningar til að skilja betur ástandið.
- *Tún*: Bílastæðanýting er að mælast um og yfir 90%.
- *Kirkjusandur*: Bílastæðanýting kl. 12-14 á Hallgerðargötu mælist yfir 90%.


Bílastæðanýting á virkum dögum að kvöldi til

Gjaldskyld svæði

Í þessari talningu var verið að safna gögnum í fyrsta skipti um bílastæðanýtingu eftir að gjaldskylda var innleidd á kvöldin á P1 og P2. Því var ákveðið að annars vegar skoða hvernig nýtingin er að breytast frá kl. 18 til kl. 20 (myndir 5 og 6) og hins vegar gera samanburð við niðurstöður frá 2022 þegar gjaldskyldutíma lauk kl. 18 þar sem meðalnýting stæða frá kl. 18 til kl. 20 er borin saman (mynd 7). Innleiðing gjaldskyldu á kvöldin hefur fyrst og fremst áhrif á þau sem heimsækja svæðið (gestir og viðskiptavinir), en áhrifin ættu að vera hverfandi á íbúa þar sem íbúakort gilda á þessum tíma.



MYND 5 Fjöldi taldra bílastæða á borgarlandi haustið 2023 (merkt „Fjöldi“) og samsvarandi bílastæðanýting (merkt „Nýting“) innan svæða kl. 18 á virkum degi. Einnig er fjöldi stæða í bílahúsum ásamt nýtingu sýndur á kortinu.




MYND 6 Fjöldi taldra bílastæða á borgarlandi haustið 2023 (merkt „Fjöldi“) og samsvarandi bílastæðanýting (merkt „Nýting“) innan svæða kl. 20 á virkum degi. Einnig er fjöldi stæða í bílahúsum ásamt nýtingu sýndur á kortinu.

Þegar niðurstöður á myndum 5 og 6 (nýting kl. 18 og 20) eru bornar saman við mynd 2 (nýting kl. 12) má sjá að á að bílastæðanýting almennt hærrí á kvöldin en á daginn nema á svæðum þar sem atvinnuhúsnæði er mjög mikið t.d. í og við Borgartún. Þegar nýting kl. 18 annars vegar og kl. 20 hins vegar er borin saman sést að hún er hærrí á flestum svæðum kl. 20. Hæst mælist nýtingin norðan Hverfisgötu þar sem gjaldsvæði P3 þekur meirihluta bílastæða en þar lýkur gjaldskyldu kl. 18.

Á kvöldin er nýting bílastæða í bílahúsum að mælast lægri en nýting stæða á borgarlandi. Hæsta nýtingin mælist í Ráðhúsinu (73%) og Vesturgötu (64%). Í Traðarkoti og Vitatorgi er hún í kringum 50%. Önnur hús ná ekki þriðjungsnýtingu á kvöldin.

Samanburð á meðalnýtingu bílastæða á kvöldin á virkum dögum frá kl. 18-20 milli árunna 2022 og 2023 má sjá á mynd 7, þar sem blár litur táknar að bílastæðanýting lækkar umfram 5% milli ára, rauður litur táknar að nýtingin hefur hækkað umfram 5%, og grár litur táknar litla breytingu á milli ára þ.e. breyting innan við +/- 5%.




MYND 7 Breyting á nýtingu bílastæða, sem og í bílahúsum, milli árunna 2022 og 2023 innan svæða á virkum kvöldum. Breyting er lituð með rauðu (hækkun) eða bláu (lækkun) þegar munurinn er meiri fimm prósentustig.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar, kemur í ljós að almennt er nýting bílastæða að lækka milli ára (svæði lituð með bláum lit) sem gefur til kynna að innleiðing gjalds hefur dregið úr eftirspurn eftir bílastæðum. Þetta gildir þó ekki á öllum svæðum. Á tveimur svæðum í Þingholtum mælist breyting á nýtingu innan við 5%. Nýting mælist svo hærrí á milli ára á þremur af fjórum svæðum norðan Hverfisgötu. Helsta skýringin á því er að þar er bróðurpartur bílastæða á gjaldsvæði P3 og ekki í gildi gjaldskylda eftir kl. 18 eins og áður hefur komið fram, og því er líklegt að gestir, viðskiptavinir og jafnvel íbúar sem eiga fleiri en einn bíl, sjá hag sinn að leggja í frekari mæli á P3 á kvöldin en áður. Athyglisvert er að bílastæðanýting í bílahúsum hækkar alls staðar milli ára nema í Kólportu.

Gjaldfrjáls svæði

Niðurstöður talninga á kvöldin á gjaldfrjálsum svæðum má sjá á mynd 8 en þetta eru sömu svæði og fjallað var um á bls. 5.



MYND 8 Meðalnýting gjaldfrjálsra bílastæða eftir götuleggjum og lóðum á virkum dögum milli kl. 18 og kl. 20 (til vinstri) og milli kl. 22 og kl. 24 (til hægri). Stærri kort má sjá í viðauka.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- **Vesturbær:** Nýting bílastæða er mjög há (yfir 90%) á flestum götum og eru fleiri götur með hærri nýtingu en að degi til (sbr. mynd 4, bls. 5). Nýtingin er hærri á þessu svæði en á nálægum götum sem eru á gjaldsvæði P2 (sbr. mynd 5 og 6, bls. 6). Þetta eru því vísbendingar um að íbúar og gestir sem búa í næstu götum á P2 eru að sækja í gjaldfrjáls stæði á þessu svæði.
- **Háskóli Íslands:** Nýting bílastæða er á bilinu 60-90% kl. 18-20 og þar með er hæfilegt framboð af bílastæðum en hækkar svo í yfir 90% á Sæmundargötu og Oddagötu eftir kl. 22. Nýtingin var mun hærri að degi til sem bendir til þess að bæði nemendur og starfsfólk séu að nýta sér þessi stæði að degi til, en íbúar sækja í Sæmundargötu og Oddagötu á kvöldin.
- **Hlíðarendi:** Á þessu svæði er bílastæðanýting að kvöldi til nokkuð breytileg, sumar götur mælast með hæfilega mörg stæði (80-90%), aðrar með mjög háa nýtingu (yfir 90%) og nokkrar með gott framboð af stæðum (undir 80%). Niðurstöðum ber þó að taka með fyrirvara því framkvæmdir standa yfir á svæðinu sem hafa áhrif á fjölda bílastæða sem eru aðgengileg.
- **Þingholt:** Flestar götur mælast með 90% eða lægri nýtingu, en þó er nýting yfir 90% á og við Baldursgötu, á Freyjugötu og við Hallgrímskirkju kl. 18. Fleiri laus stæði eru mæld frá kl. 22-24. Þegar niðurstöður eru bornar saman við nýtingu að degi til, þá er mælist nýtingin hærri að degi til svo niðurstöður benda til þess að stæði í götum næst Landspítalanum eru nýtt af fólki sem sækir spítalann.
- **Holt:** Nýting bílastæða er breytileg á talningarsvæðinu en nýting mælist yfir 90% á Laugarvegi og í Brautarholti.
- **Tún:** Nýting bílastæða mælist lægri en að degi til, en er þó nokkuð há og mælist yfir 90% í Samtúni.
- **Kirkjusandur:** Nýting bílastæða mælist yfir 90% á Hallgerðargötu.

Bílastæðanýting um helgar

Talningarsvæði um helgar var minna en á virkum dögum þar sem aðaláherslan hefur verið að afla gagna nærri verslun og þjónustu. Þá var ekki framkvæmd talning á gjaldfrjálsum stæðum um helgar. Niðurstöður talningarinnar má sjá á mynd 9 en notast er við sömu aðferðarfræði og lýst er á bls. 3 þar sem rauður litur táknar að nýtingin er að jafnaði yfir 85% eða blár litur að nýtingin sé að jafnaði undir 60% nýtingu.




MYND 9 Nýting gjaldskyldra bílastæða eftir götuleggjum um helgi frá kl. 12 til kl. 14.


Eins og sjá má, þá eru flestar götur að mælast oftast með 60-85% nýtingu en þó eru einstaka götur s.s. Skólavörðustígur og götur í Kvosinni, sem mælast með yfir 85% nýtingu.

Samanburður milli ára


Þegar nýting á laugardögum annars vegar og sunnudögum hins vegar er skoðuð, sýna niðurstöður fyrri ára (sjá myndir 10-12 að neðan) að bílastæði innan þeirra gjaldsvæða (P1 og P2) sem voru til skoðunar voru iðulega betur nýtt á sunnudögum, þegar gjaldskylda var ekki í gildi. Eftir að gjaldskylda var tekin upp á sunnudögum fyrir talninguna haustið 2023 kemur í ljós að bilið á milli laugardaga og sunnudaga er að minnka, eins og mynd 13 ber með sér. Þetta þýðir að líklega er gjaldskyldan að hafa tilætluð áhrif.



MYND 10 Samanburður á nýtingu gjaldskyldra bílastæða á laugar- og sunnudögum vorið 2019.



MYND 11 Samanburður á nýtingu gjaldskyldra bílastæða á laugar- og sunnudögum haustið 2021.




MYND 12 Samanburður á nýtingu gjaldskyldra bílastæða á laugar- og sunnudögum haustið 2022.



MYND 13 Samanburður á nýtingu gjaldskyldra bílastæða á laugar- og sunnudögum haustið 2023.

Á síðustu árum þá hafa líka verið framkvæmdar mælingar þar sem skoðað er hversu lengi bílar dvelja í stæðum, þar sem fleiri bílar hafa yfirleitt dvalið lengur í stæðum á sunnudögum. Þegar borin eru saman gögn frá 2021 og 2023 (sjá mynd 14) þá virðist ekki vera breyting á þessu mynstri eftir að gjaldskylda var innleidd sem gæti þýtt það að fólk sé einfaldlega að dvelja í lengri tíma í miðbænum á sunnudögum. Mögulega þarf að greina þetta betur og skilja betur t.d. hlutfall ökutækja með íbúakort.



MYND 14 Lengd dvalar á Laugavegi og Hverfisgötu um helgi frá kl. 11 til kl. 14. Talið var á klukkustundarfresti.

Samantekt

Hér að ofan hefur niðurstöðum um nýtingu bílastæða verið lýst. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar fyrir þær sakir að þær sýna í fyrsta skipti hver áhrifin eru af nýlegum breytingum á gjaldskyldu þ.e. lengingu gjaldskyldutíma stæða á kvöldin, innleiðingu gjaldskyldra stæða á sunnudögum og innleiðingu nýrra gjaldsvæða. Í meginráttum eru helstu niðurstöður vegna þessara breytinga eftirfarandi:

- Nýting bílastæða er að lækka á kvöldin á flestum svæðum milli ára sem sýnir að lenging gjaldskyldu til kl. 21 virðist hafa áhrif.
 - Þetta eru jákvæðar niðurstöður því þar með er aðgengi að stæðum betra á þessum tíma og einnig sýna mælingar að nýting bílahúsa hefur aukist umtalsvert á sama tíma á milli ára. Verð stæða í bílahúsum er orðið talsvert lægra þ.e. 180-260 kr/klst samanborið við 600 kr/klst tímagjald stæða á gjaldsvæði P1, þar sem flest hús eru staðsett. Stæði í bílahúsum eru því sem stendur mun hagkvæmari kostur þegar lagt er bíl í lengri tíma meðan stæði í borgarlandi þjóna betur sem skammtíma stæði.
 - Neikvæðu áhrifin eru aftur á móti þau að nýting á stæðum á gjaldsvæði P3 hækkar á sama tíma verulega á milli ára og sýna niðurstöður að 90-95% stæða eru nýtt á kvöldin (samanborið við 69-73% árið áður). Helsta ástæðan fyrir þessu er að gjaldskyldu lýkur kl. 18 á P3.
 - Þessara áhrifa gætir einnig á þeim gjaldfrjálsum svæðum sem voru mæld. Sem dæmi, þegar nýting stæða í Vesturbæ er skoðuð sést að nýtingin er hærri á gjaldfrjálsum stæðum á kvöldin samanborið við nálæg gjaldskyld stæði.
 - Gögnum var safnað einungis um þremur til fimm vikum eftir breytingar og ber því að taka með þeim fyrirvara að langtímaáhrif geta verið önnur.
- Innleiðing gjaldskyldu á sunnudögum virðist hafa haft tilætluð áhrif þ.e. niðurstöður sýna að dregið hefur úr nýtingu bílastæða og þar með er auðveldara að finna stæði á sunnudögum en áður. Talningar fyrri ára hafa sýnt að meðalnýting stæða á sunnudögum hefur að jafnaði verið að mælast hæst í kringum 90%, á meðan nýtingin á laugardögum hefur mælst hæst um 80%. Nú mældist nýtingin mjög sambærilega báða helgardagana í fyrsta skipti, mest tæplega 80%.
- Gjaldsvæði sem voru innleidd síðasta sumar (2023) í Vesturbæ sýna að nýting mælist undir 60% bæði að degi til og að kvöldi til. Þetta eru vísbendingar um að verð bílastæða sé of hátt og tilefni til að lækka verðið. Það sama gildir um aðrar aðliggjandi götur sem eru aðeins austar á sama svæði þar sem gjaldskylda hefur verið innleidd áður. Þar að auki er nýting á aðliggjandi götum sem liggja vestan við gjaldskyldu svæðið að mælast margar hverjar með nýtingu yfir 90%, þá sérstaklega á kvöldin þegar flestir íbúar eru komnir heim.
- Misjafnt er hver nýting bílastæða mældist á gjaldfrjálsum svæðum eins og fjallað var um á bls. 5 og 8. Fer það eftir hverju svæði fyrir sig hvernig gjaldskyldu er best beitt (t.d. val á milli P2 eða P3) til að stýra betur eftirspurn eftir bílastæðum. Nánar er fjallað um tillögur þess efnis hér neðan.

Byggt á ofangreindri umfjöllun er hér að finna helstu tillögur sem lagt er til að Reykjavíkurborg taki til skoðunar:


- *Lækka verð - breyta gjaldsvæði P2 í P3 þar sem nýting bílastæða er undir 60%:* Eins og fram hefur komið, virðist verð bílastæða vera of hátt í þónokkrum íbúagötum bæði á daginn og á kvöldin þar sem nýting mælist að jafnaði undir 60%. Á sama tíma er erfitt að finna bílastæði í nærliggjandi götum þar sem stæðin eru gjaldfrjáls. Þessi mikli munur er sérstaklega áberandi í Vesturbænum og í nokkrum götum í Holtum ofan við Hlemm. Lagt er til að á þessum svæðum sé gjaldskyldu breytt úr P2 í P3 og árangur mældur áður en skoðað er að útvíkka núverandi gjaldsvæði.
- *Hækka verð og endurskoða gjaldskyldutíma – Borgartún og Guðrúnartún.* Niðurstöður sýna að nýting bílastæða á bílplani við Borgartún 12-14 og á borgarlandi í Borgartúni og Guðrúnartúni sé um og yfir 85% á daginn en mælist aftur á móti undir 60% á kvöldin. Virðist því vera að nýting stæða sé mjög háð

opnunartíma stofnana og fyrirtækja á svæðinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um nýtingu bílastæða í bílakjallaranum í Höfðatorgi þar sem er að finna um 1.300 bílastæði en slíkar upplýsingar væru hjálplegar til að skilja betur heildarframboð og eftirspurn bílastæða á þessu svæði yfir daginn. Þar sem um þrjár mismunandi tegundir gjaldsvæða (P2, P3 og P4) er að finna á þessu svæði þá þarf að skoða nánar hvernig er best að breyta gjaldskrá og gjaldskyldutíma til að ná fram betri stýringu á bílastæðum. Ráðlagt er að framkvæma talningu þar sem mælt er hversu lengi ökutæki dvelja á svæðinu sem og fá gögn um nýtingu stæða í bílakjallara til að greina betur með hvaða hætti best er að breyta verði og gjaldskyldutíma bílastæða.


- **Hækka verð – Skúlagata.** Á Skúlagötu er að finna tvö bílplön norðan megin í götunni en aðeins eru um 120 metrar á milli þeirra. Bæði bílplön eru á gjaldsvæði P3. Niðurstöður sýna að nýtingin á bílplaninu næst Ingólfsstræti er nærri 100% meðan hún er nær 50% á bílplaninu sem liggur á mótis við Klapparstíg. Lagt er til að gjaldi á bílplaninu við Ingólfsstræti sé breytt úr P3 í P2 sem ætti að hvetja fólk sem leggur í bílastæði í lengri tíma að nýta sér bílplanið við Klapparstíg sem áfram verður P3.
- **Innleiðing nýrra gjaldsvæða**
 - **Hlíðarendi og Kirkjusandur.** Bæði þessi svæði eru ný hverfi í uppbyggingu, blönduð byggð að hluta, þar sem íbúabéttleiki er mikill og jafnframt er gert ráð fyrir gjaldskyldum bílastæðum á borgarlandi í skipulagi þessara hverfa (sjá nánari umfjöllun í minnisblaði EFLU „Gjaldskylda bílastæða við götukanta í nýju skipulagi“ dagsett 14.04.2020). Mælingar sýna að margar götur eru að mælast með yfir 90% nýtingu og því er ráðlagt að gjaldskylda sé innleidd, a.m.k. til kl. 18. Aftur á móti er ekki er ráðlagt að íbúakort verði leyfð vegna mikils íbúabéttleika, þar að auki er gert ráð að bílastæði íbúa sé að finna innan lóða. Vegna framkvæmda er æskilegt að telja aftur á þessum svæðum til að sannreyna niðurstöður en innleiðing gjaldskyldu í þessum hverfum er þó aðeins tímaspursmál.
 - **Háskóli Íslands:** Byggt á niðurstöðum mælinga þá er ráðlagt er að innleiða gjaldskyldu á stæðum í borgarlandi á háskólasvæðinu. Lagt er til að Oddagata og Aragata verði skilgreind sem íbúakortasvæði, aðrar götur ekki.
 - **Þingholt:** Lagt er til að stækka gjaldsvæði P3 niður að Laufásvegi og að Barónsstíg, en þar er nýting á mörgum götum yfir 90% um hádegisbilið. Nýting er undir 85% nýtingu á kvöldin svo aðeins er þörf á gjaldskyldu til kl. 18 á kvöldin.
 - **Hallgrímskirkja:** Lagt er til að leggja gjaldskyldu á bílplönunum í kringum Hallgrímskirkju.
 - **Tún:** Lagt er til að innleiða gjaldskyldu á Háatúni, Miðtúni og Samtúni. Þrátt fyrir að Samtún mælist með yfir 90% nýtingu á kvöldin er ráðlagt að láta í upphafi gjaldskyldutíma aðeins gilda til kl. 18.

Samhliða þessum tillögum er lagt til að Reykjavíkurborg skoði hvort tilefni sé til að endurskoða verðflokka og/eða tegundir gjaldsvæða. Ákveðnar takmarkanir felast í núverandi fyrirkomulagi t.d. að ekki sé hægt að hækka gjald á P4 án þess að það gildi þvert yfir borgina og þá er ekki lengur til verðþrep milli P1 og P2, svo dæmi séu tekin. Að lokum má nefna að með lengingu gjaldskyldutíma á kvöldin og á sunnudögum gæti verið að þörf að móta betri stefnu um hvaða gjaldskyldutími hentar vel hverju sinni með það að leiðarljósi að bílastæðanýting sé að jafnaði 60-85%, bæði að degi til og á kvöldin.


Viðauki




MYND 15 Nýting gjaldskyldra bílastæða eftir götuleggjum á virkum degi frá kl. 9 til kl. 11.



MYND 16 Nýting gjaldskyldra bílastæða eftir götuleggjum á virkum degi frá kl. 12 til kl. 14.



MYND 17 Nýting gjaldskyldra bílastæða eftir götuleggjum á virkum degi frá kl. 18 til kl. 20.




MYND 18 Nýting gjaldskyldra bílastæða eftir götuleggjum á virkum degi frá kl. 22 til kl. 24.

Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði

Virkir dagar kl. 12-14



Bílastæðanýting

Nýting kl. 12-14

- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%


Nýting kl. 12-14

- >90%

Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði

Virkir dagar kl. 22-24



Bílastæðanýting

Nýting kl. 22-24


- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%

Nýting kl. 22-24

- 81-90%
- >90%

Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls staði - svæði 2




Bílastæðanýting

Nýting kl. 18-20

- Blue line: $\leq 60\%$
- Green line: 61-80%
- Orange line: 81-90%
- Red line: $>90\%$

Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 3b




Bílastæðanýting

Nýting kl. 18-20

- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%

Bílastæðanýting Haust 2023 Gjaldfrjáls stæði - svæði 4a



Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 4c og 5a




Bílastæðanýting

Nýting kl. 18-20

- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%


Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 5b



Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls staði - svæði 5b




Bílastæðanýting

Nýting kl. 12-14

- Blue line: ≤60%
- Green line: 61-80%
- Yellow line: 81-90%
- Red line: >90%

Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 5c og 6



Hallgerðargata
Fjöldi: 25
Kl. 9-11: 72% / 72%
Kl. 12-14: 64% / 156%
Kl. 18-20: 84% / 84%
Kl. 22-24: 80% / 84%

Kl. 9-11: 115% / 100%
Kl. 12-14: 112% / 108%
Kl. 18-20: 104% / 85%
Kl. 22-24: 115% / 104%

Fjöldi: 26

Kl. 9-11: 100% / 79%
Kl. 12-14: 82% / 89%
Kl. 18-20: 71% / 61%
Kl. 22-24: 82% / 96%

Fjöldi: 28

Kl. 9-11: 100% / 94%
Kl. 12-14: 97% / 97%
Kl. 18-20: 68% / 68%
Kl. 22-24: 90% / 84%

Fjöldi: 31

Kirkjuteigur

Bílastæðanýting


Nýting kl. 18-20

- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%

Samsyn Ehf, Esri, HERE, Garmin, Foursquare, Mapbox, Mapbox, OpenStreetMap, Samsyn Ehf, Esri, HERE, Garmin, Foursquare, Mapbox, Mapbox, OpenStreetMap, Samsyn Ehf, Esri, HERE, Garmin, Foursquare, Mapbox, Mapbox, OpenStreetMap, Samsyn Ehf, Esri, HERE, Garmin, Foursquare, Mapbox, Mapbox, OpenStreetMap

Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 7a



Bílastæðanýting
Nýting kl. 18-20

- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%

EFLA


Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 7b



Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 7c



Bílastæðanýting

Nýting kl. 18-20

- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%



Bílastæðanýting Haust 2023

Gjaldfrjáls stæði - svæði 7d

Ásvallagata

Fjöldi: 20
Kl. 9-11: 40% / 35%
Kl. 12-14: 60% / 45%
Kl. 18-20: 80% / 75%
Kl. 22-24: 90% / 85%

Fjöldi: 14
Kl. 9-11: 71% / 50%
Kl. 12-14: 57% / 43%
Kl. 18-20: 107% / 71%
Kl. 22-24: 114% / 93%

Bræraborgarstígur

Fjöldi: 42
Kl. 9-11: 69% / 52%
Kl. 12-14: 52% / 62%
Kl. 18-20: 93% / 95%
Kl. 22-24: 100% / 93%

Hávallagata

Fjöldi: 44
Kl. 9-11: 61% / 61%
Kl. 12-14: 70% / 70%
Kl. 18-20: 95% / 100%
Kl. 22-24: 95% / 95%

Fjöldi: 24
Kl. 9-11: 83% / 54%
Kl. 12-14: 75% / 38%
Kl. 18-20: 92% / 104%
Kl. 22-24: 104% / 100%

Hofsvallagata

Bílastæðanýting

Nýting kl. 18-20

- ≤60%
- 61-80%
- 81-90%
- >90%


Fjöldi: 25
Kl. 9-11: 84% / 84%
Kl. 12-14: 80% / 80%
Kl. 18-20: 100% / 48%
Kl. 22-24: 72% / 80%

Túngata

49

Nýting bílastæða Haust 2023

Virkir dagar kl. 11-13




Skýringar

Nýting bílastæða

- < 60% nýting
- 60-85% nýting
- > 85% nýting

Nýting bílastæða Haust 2023

Virk kvöld kl. 18-20



Skýringar

Nýting bílastæða

- < 60% nýting
- 60-85% nýting
- > 85% nýting

Nýting bílastæða Haust 2023 Laugardagar & sunnudagar kl. 12-14

